Reykjavík, 18. nóvember 2026

Berist til InfoMentor

Sveitarfélögin hafa miklar áhyggjur af því að aðstandendur fái of víðtækan aðgang að upplýsingum um börn í Mentor þegar forsjáraðilar skrá þá í kerfi MMS og skráningin flyst þaðan yfir í Mentor.

Skráningar einstaklinga sem tengjast nemendum utan skólans eru í dag með tvennum hætti í kerfum MMS:

1. Forsjáraðilar, sem byggja á forsjárskrá Þjóðskrár Íslands
2. Aðstandendur, sem starfsfólk skóla, og forsjáraðilar (í gegnum umsóknir og Ísland.is) geta skráð

Aðstandendur geta verið af ýmsum toga, til dæmis frændfólk, afar og ömmur eða fjölskylduvinir. Engin leið er til að breyta forsjáraðilum í kerfum MMS. Þessir tveir hópar eru aðgreindir í miðlun upplýsinga til annarra kerfa sem og í viðmóti til notenda (starfsfólk sveitarfélaga og skóla).

Mikið hefur verið kallað eftir því að forsjáraðilar geti sjálfir skráð aðstandendur og uppfært aðrar upplýsingar. Sú virkni myndi spara starfsfólki skóla mjög mikla handavinnu og auka líkur á að upplýsingar séu rétt skráðar. Forsjáraðilar bæru þá sjálfir ábyrgð á réttum skráningum og væru um leið með aðgengilegt yfirlit yfir aðstandendur á einum stað þ.e. island.is

Í júní s.l. var Mentor bent á þessa staðreynd og á samráðsfundi með Mentor, sveitarfélögum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og MMS kom sú afstaða fram að forsjáraðili ætti að hafa aðgang að gögnum barns í kerfinu en aðstandandi ekki. Á fundi 24. ágúst kom fram að aðstandendur voru að fá aðgang og ætlaði Mentor að skoða úrræði sín megin. Þann 17. september á stöðufundi var ástandið óbreytt og MMS leggur til að lestri aðstandenda sé hætt þar sem óviðkomandi aðgangur sé að myndast vegna þessa. Þann 20. október var nefnt að Mentor gæti sett upp keyrslu en því var ekki fylgt eftir. Afstaða til hverjir eiga að hafa aðgang eða ekki hefur legið fyrir frá 16. júní.

Lokaprófanir fóru fram 16. nóvember á sjálfsafgreiðslu forsjáraðila, þar sem þeir geta viðhaldið og bætt við upplýsingum um börn sín í kerfum MMS. Þá kom í ljós að skráning aðstandanda veitti enn fullan aðgang að barni í Mentor. MMS ákvað því að stöðva frekari opnun virkninnar, þar sem fleiri skráningar aðstandenda myndu veita fleiri óviðkomandi aðilum aðgang að upplýsingum um börn. Vandinn er þó þegar til staðar, því aðstandendur eru í dag skráðir af skólum og af forsjáraðilum í umsóknum um skólaflutning og innritun í 1. bekk. Í Mentor fær aðstandandi sjálfkrafa aðgang að upplýsingum um barn um leið og hann er skráður, án þess að fyrir liggi heimild eða

meðvituð ákvörðun um slíkan aðgang. Sveitarfélögin telja að það samrýmist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Forsjáraðilar geta auk þess ekki séð í Mentor hverjir aðrir hafa aðgang að upplýsingum barnsins. Vandinn uppgötvast því aðeins ef aðstandandi lætur sjálfur vita.

Þessi mikilvæga útgáfa inn á island.is er að öðru leyti tilbúin. Hún strandar eingöngu á því hvernig námsumsjónarkerfi Mentor fer með skráningar aðstandenda. Verði ekki brugðist við án tafar munu sveitarfélögin og MMS meta aðra kosti. Þar á meðal er að rjúfa tengingu kerfa MMS við Mentor að hluta eða öllu leyti, þannig að skráningar aðstandenda flytjist ekki lengur yfir. Slíkt væri neyðarúrræði sem enginn óskar eftir, en ekki er hægt að láta öryggi upplýsinga um börn og mikilvægar umbætur fyrir skóla og forsjáraðila bíða lengur.

Sveitarfélögin telja óásættanlegt að þessi staða sé enn uppi og óska eftir tafarlausum úrbótum af hálfu Mentor.

- **Mentor þarf að tryggja réttar aðgangsstillingar og yfirfara þann aðgang sem þegar hefur verið veittur – afturkalla þar sem við á**
- **Aðgangsheimildir annarra aðila en forsjáraðila þurfa að vera sýnilegar í viðmóti ef við á**
- **Skila aðgerðaáætlun ásamt skriflegu svari, eigi síðar 26.nóvember nk.**

Fyrir hönd (nafn sveitarfélags)

Nafn